

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 68 28. maí 1969, um loðdýrarækt, og reglugerð um sama efni nr. 282 11. nóvember 1969 (7.—10. gr.), lögum nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár, og lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 282 16. nóvember 1969, um loðdýrarækt.

1. gr.

Töluliður A.1 í 15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. **Vírnetsbúr:** Minkabúr skal gert úr vírneti, möskvastærð 1" × 1" nr. 15, með tvöfaldri galvaniseraðri húð. Milli búra skal vera tvöfalt net, þegar notað er vírnet með möskvastærð ½" × 1" nr. 18, en einfalt net, þegar notað er vírnet með möskvastærð ½" × ¼", nr. 17. Stærð búrana skal vera að minnsta kosti 30 × 40 × 75 cm.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 68 28. maí 1969, um loðdýrarækt, lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, lögum nr. 124. 22. desember 1947, um dýralækna, og lögum nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og samkvæmt tillögum bæjarstjórnar Kópavogs er hér með ákveðinn einstefnuakstur á Skjólbraut, þannig að einungis er heimilt að aka götuna frá Kópavogsbraut til norðurs og síðan í austur að Hafnarfjarðarvegi. Öll umferð í vesturátt og suðurátt á götu þessari er bönnuð

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 12. janúar 1970.

Sigurgeir Jónsson.